



# Jökclarannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 69

október 1998

### HAUSTFUNDUR

Haustfundur félagsins verður haldinn 3. nóvember 1998  
kl. 20:30 í sýningarsal Ferðafélags Íslands Mörkinni 6.

Á dagskrá verður:

1. Íssjármælingar á Langjöcli     *Helgi Björnsson*
2. Kaffi
3. Myndir frá fyrri tíð                *Árni Kjartansson*

## HAUSTFUNDUR

*LANGJÖKUL: yfirborð, botn, afkoma, hreyfing og afrennsli vatns*

Með samstarfi Raunvísindastofnunar Háskólangs, Landsvirkjunar og Hitaveitu Reykjavíkur hafa nú verið gerð kort af yfirborði og botni Langjökuls. Er hann síðastur meginjöklanna fjögurra sem kannaður hefur verið með íssjá. Greint verður frá landslagi undir jöklinum, rúmmáli hans, þykkt og hvernig hann skiptist á hinum ýmsu jökulár. Einnig verður rætt um afkomu jöklusins, skrið hans og framhlaup.

Helgi Björnsson

## MYNDASÝNING

Eftir kaffihlé sýnir Árni Kjartansson skyggjur frá fyrri tíð. Hann er einn af elstu félögunum, iðinn við jöklaverðir frá fyrstu tíð félagsins og kunnur að góðum ljósmyndum sem margar hafa birst í Jökli. Fræg er brúðkaupsferð hans og Huldu Filippusdóttur á Vatnajökul vorið 1956 og þar er Brúðarbunga við hana kennd. Árni er einn af heiðursfélögum okkar.

## HAGAFELLSJÖKLARNIR Í HAM

Í lok september var ég ásamt fleirum starfsmönnum Raunvísindastofnunar Háskólangs á Langjökli í afkomumælingum. Þá er mælt hve mikið hefur bráðnað af jöklinum yfir sumarið og einnig er mæld staðsetning og hæð ákveðinna punkta á jöklinum með nákvæmu DGPS tæki. Veittum við því athygli að austasti hluti Eystri Hagafellsjökuls var verulega sprunginn. Jökullinn var brotinn upp í stórar ísblokkir og mjög tilkomu-

mikið var að sjá hvernig jökullinn „lak" fram af bröttum móbergshlíðunum við jaðarinn. Jökullinn var orðinn mjög sprunginn þar sem hann skríður yfir móbersghryggina sem eru undir miðjum jöklínnum, samsíða Jarlhettunum.

Næstu helgi á eftir gat ég ekki setið á mér og lagði af stað að Hagavatni ásamt fleirum. Gengið var frá skála Ferðafélagsins til norðurs, milli Jarlhettna og jöklúsins. Þessi leið er mjög fögur og gnæfir Tröllhettan yfir aðrar Jarlhettur með skemmtilegum móbergsmyndunum. Hagafellsjökullinn hefur sett svip sinn á þetta svæði. Þarna má sjá ummerki eftir jökulinn frá því í lok síðustu aldar þegar jöklusporðurinn náði mun lengra fram en nú. Eftir um tveggja kukkutíma göngu sást til jöklúsins. Í um tveggja kílómetra fjarlægð heyrðist hljóð sem við töldum koma frá jöklínnum. Þegar nær var komið heyrðum við að þetta voru þungir dynkir í jöklínnum, með stuttu millibili, og stöðugt grjóthrun úr bröttum hlíðunum. Aðstæður þarna voru mjög sjónrænar, því jökullinn er að skrifða yfir móbergsfjöll eða hryggi sem svipar til Jarlhettannanna og því springur hann allur þegar hann flæðir þar yfir. Á einum stað er um 100 m hárr þverhníptur veggur úr móbergi, og þar náði jökuljaðarinn fram á brúnina og gott betur. Við ferðafélagnir fengum okkur sæti þarna undir veggnum og virtum fyrir okkur jökulinn og hlustuðum á þá tónlist sem hann bauð upp á. Einhver fékk þá hugmynd að móbergsveggurinn sem við sáum undir gæti sprungið fram hvenær sem er vegna þrýstings jöklúsins, en við ákváðum að leiða þá hugsun hjá okkur og vona það besta. Okkur var þó sérstaklega starsýnt á eitt íssstykki sem hékk fram af veggnum. Þar sem við vorum að horfa á það og spá í framtíð þess þá sáum við það losna frá og sekúndubroti síðar var það í frjálsu falli. Nú var ljóst að íssflykkið átti ekki langa framtíð fyrir sér og náðum við myndum af því rétt áður en það splundraðist. Við giskuðum á að íssskykkið sem fíll hafi ekki verið undir hundrað

tonnum og að það hafi fallið um 100 metra. Eftir þetta var myndavélin ekki sett aftur í bakpokann heldur höfð til taks. Áfram var gengið til norðurs meðfram jökulsporðinum. Þar hafði jökullinn rutt landinu upp og myndað jökulgarða, en innar á jöklínunum var að sjá stórar ísblokkir, þær stærstu líklega um 20 m háar. Jökullinn var mjög hár og brattur og stórfenglegt var að koma upp á jöklínunum þó ekki hafi verið hægt að komast langt, af augljósum ástæðum. Öðru hvoru heyrðum við miklar drunur í stórum ísstykkjum sem voru að hrynda niður með lárum.

Raunvísindastofnun Háskólags hefur mælt skriðhraða á Langjöklum frá því vorið 1997. Mælingarnar eru gerðar samhliða afkomumælingunum, að vori og hausti. Þær eru gerðar í ákveðnum punktum með DGPS tæki, með nákvæmni upp á 0,5-1 metra. Út frá gögnunum má reikna meðalskriðhraða á milli mælinga. Fyrstu niðurstöður mælinganna í haust sýndu mjög aukinn skriðhraða Hagafellsjöklanna miðað við sumarið í fyrra. Auk fyrnefndra mælinga var skriðhraðinn mældur með enn nákvæmari GPS tækjum frá Sviss sem Guðfinna Aðalgeirs-dóttir var með hér á landi. Tilgangurinn var að láta tækin skrá hreyfingu jöklusins með ákveðnu millibili yfir stutt tímabil. Hagafellsjöklarnir hafa hlaupið áður, ýmist báðir eða aðeins annar, og eru þekkt framhlaup frá árunum 1971-2, 1975 og 1980. Í framhlaupinu 1971-2 færðist jaðar Eystri Hagafellsjökluls fram um meira en 1,5 km. Í lok framhlaupsins var jökuljaðarinn við Hagavatn um 30-40 m hár og talið er að framhlaupið hafi tekið um 2-4 mánuði hið mesta. Þá mun jökullinn hafa verið „ófær öllum nema fuglinum fljúgandi eða vel útbúnum þauhvönum jöklagörpum“ eins og segir í lýsingu frá ferð sem Jöklarannsóknafélagið stóð fyrir. Óhætt er að segja að Hagafellsjöklarnir séu í það minnsta mjög varasamir yfirferðar núna.

Gunnar Páll Eydal

## HORFIN JÖKLAMÆLISTIKA

Í haust var farin sporðamælingaferð að Loðmundarjökli, sem er í Kerlingarfjöllum. Þessi jökull var mældur á árunum 1932 framundir 1965. Mælingar lágu niðri frá 1965 þangað til í fyrra. Þá voru gömlu mælingarnetin leituð uppi og þau lagfærð. Þessi merki eru yfirleitt vörður, steinar eða stikur. Eitt merkjanna sem fannst við Loðmundarjökul í fyrra var gamall jöklamælir, sem hefur verið notað einhverntíma á árunum 1932-1965. Þetta merki er úr áli, með þríhyrningi á toppnum, um 50-60 cm hátt. Á þríhyrningnum stóð að þetta væri jöklamerki nr. 1. Þetta merki var reist upp á sínum gamla stað og átti að þjóna sínu hlutverki áfram.

Þegar komið var að jöklinum í haust, þá var þetta gamla jöklamerki horfið, einhver hafði tekið það í sína vörslu, væntanlega grandalaus um tilurð þess og stöðu. Það er ósk okkar sporðamælingamanna við Loðmundarjökul að koma megi merkinu aftur á sinn gamla stað svo það geti þjónað sínu hlutverki áfram.

Einar Hrafnkell Haraldsson.

## JÖKULHLAUP Í KALDALÓNI

Undanfarin 3 ár hefur verið gangur í Drangajökli bæði í Leirufirði og í Kaldalóni, en nær 6 áratugir eru síðan svipaðir hlutir gerðust þar síðast. Þar með staðfestist eðli þessara jöklar sem framhlupsjöklar. Framvindan í Leirufirði hefur verið mjög svipuð því sem var á árunum 1939-1943 er jökulsporðurinn gekk fram um 1 km. Nú hefur jökuljaðarinn færst fram um nánast sömu vegalengd en í millitíðinni hafði hann hopað um

rúma 1300 m og segir það nokkuð um hve mikið jökullinn hefur minnkað á tímabilinu.

Framhlaup Kaldalónsjökuls nú er til muna meira en var á árunum 1936-1940. Þá skreið hann aðeins 200 m eftir dalbotnum. Nú er framrásin orðin nálægt 800 m og var byrjunin næsta stórfengleg er jökulstálið hrundi fram af 100 m háum hamri, sem Aðalsteinn á Skjalfönn kallaði Úfinn, þar sem m.a. var einn hæsti foss á Vestfjörðum. Nú er Úfurinn gersamlega horfinn í jökul og djúpur dalbotninn þar fyrir framan fullur af ís sem er á annað hundrað metra þykkur.

Þá bar enn nýrra við í Kaldalóni. Páll Jóhannesson bóndi á Bæjum á Snæfjallaströnd átti þar leið um þann 4. september og sá jakadreif í kring um farveg Mórillu. Indriði Aðalsteinsson á Skjalfönn fór þá þegar inn að jöklí í Kaldalóni og sá að stórt hlaup hafði brotist þar undan jöklinum ásamt með feiknalegri grjótskriðu. Undirritaður fór svo með Indriða inn í Kaldalon daginn eftir til skoðunar. Munni jökulportsins sem hlaupið kom úr var upp undir 10 m á breidd og hæðin um 5 m en grjótskriðan huldi neðri hlutann. Áætluðum við að skriðuvængurinn sem hlaupið skildi eftir sig hafi verið hátt í km að lengd og upp í 200 m breiður. Þykktin hefur verið meira 10 m næst jöklinum að því er Indriði telur. Má því ætla að þarna hafi skriðið fram nokkur hundruð þúsunda tonna af grjóti og aur. Stærstu steinarnir voru um  $10\text{ m}^3$  að rúmtaki og því um 25 tonn að þyngd. Ekki fannst neinn staður í farveginum þar sem auðvelt var að átta sig á hve stórt vatnshlaupið hafði verið, en engar skemmdir urðu á brúnni þótt nokkrir steinar kunni að hafa hrunið úr varnargörðum.

Magnús Jónsson stýrimaður á Fagranesinu (var skipstóri í þeirri ferð) sá óvenju gruggugan sjó undan Kaldalóni 2. sept 1998. Hlaupið hefur því sennilega orðið 1. eða 2. sept. 1998.

Ekki hefur gefist tækifæri til að fljúga yfir jökulinn til að leita að geyminum undir jöklinum eða við hann sem fæddi þetta jökulhlaup. Ef hann finnst fæst eflaust vísbending um hve mikil vatn hljóp fram í Kaldalón fyrstu dagana í september 1998.

Oddur Sigurðsson

## NÝR RITSTJÓRI JÖKULS

Stjórn Jörfi hefur í samráði við fagritstjórana two sett Halldór Gíslason arkitekt sem ritstjóra íslensks efnis í Jökli. Hefð er fyrir því að ritstjórar af hálfu Jöklarannsóknafélagsins séu tveir á móti ritstjóra Jarðafræðafélagsins. Þar sem Bryndís Brandsdóttir jarðeðlisfræðingur, fyrrverandi ritstjóri íslensk efnis, hefur tekið við fagritstjórninni af Helga Björnssyni jöklafræðingi var annar fenginn í hennar gamla starf. Fagritstjóri Jarðafræðafélagsins er Áslaug Geirdóttir, jarðfræðingur.

Ritstjórar hvetja félaga til þess að tína nú upp úr skúffunum almennan fróðleik sem áhugaverður er fyrir félagsmenn og senda Halldóri í pósthólf félagsins 5128, 125 Reykjavík. Einnig er hægt að ná í Halldór í síma 5667077 eða í tölvupósti: brekka@stiki.is.

Ritstjórar Jökuls

## AFMÆLISÁRSHÁTIÐ JÖRFÍ

JÖRFÍ verður 48 ára 22/11 1998. Af því tilefni verður „JÖRFJÖR“ haldið laugardaginn 21-22/11 1998. Tónlist, ræður, þemaefni, myndasýning, fréttir, ópersónugreinalegar mannlýsingar, afmælissöngur. Verði í hóf stillt, fljótandi veitingar nærrí einokunarverði. Mætum nú öll, salurinn er stór. Eldri og reyndari félagar sérstaklega velkomnir. Nánari upplýsingar á haustfundi og hjá Björku í Tækni-skóla Íslands (577 1400) og Frey hjá Toyota (563 4400).

Starfshópur samskiptamála